

fyrirvara miðað við 1. sept. eða 1. marz ár hvert. Og með því að ekkert liggur fyrir um það, að honum hafi verið sagt upp miðað við þann tíma, ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Eyfirðinga, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. BÍL-stjórafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 8/1949.

**Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**

**Slippfélagsins í Reykjavík h/f**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h.**

**Sveinafélags skipasmiða**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um forgangsréttarákvæði í kjarasamningi. Skipasmiðir.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Í 12. gr. kjarasamnings, dags. 24. marz 1947, milli Sveina-

félags skipasmiða annars vegar og meistara í skipasmíði hins vegar, sem í gildi var til 1. júní þ. á., segir svo:

„Meðlimir í Sveinafélagi skipasmiða skulu sitja fyrir vinnu hjá atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík, enda sé því félagi skylt að taka í félagið sveina með fullum réttindum. Aftur á móti mega meðlimir Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík ekki vinna hjá öðrum atvinnurekendum í skipasmíði innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur en þeim, sem eru viðurkenndir af Meistarafélagi skipasmiða í Reykjavík, enda sé því félagi skylt að taka í félagið þá menn, sem hafa meistrararéttindi í iðninni samkvæmt lögum.“

Stefnandi er aðili að samningi þessum og hefur venjulega marga skipasmiði í þjónustu sinni.

Samkvæmt 2. gr. framangreinds samnings skal uppsagnarfrestur skipasmiðum til handa vera 2 vikur. Hinn 28. og 30. marz s.l. sagði stefnandi upp nokkrum skipasmiðum með tveggja vikna uppsagnarfresti og virðast uppsagnir þessar hafa komið til framkvæmda á tilsettum tíma. Stefndi mót-mælti strax uppsögnunum og bar því við, að stefnandi hefði brotið forgangsréttarákvæði 12. gr. nefnds samnings frá 24. marz 1947, þar sem í smíðavinnu hjá stefnanda væru, er uppsögnin fór fram, smiðir, sem ekki væru félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða. Á þetta vildi stefnandi ekki fallast, þar sem menn þeir, er um var að ræða, ynnu ekki að skipasmíði, og er aðiljar gátu ekki orðið ásáttir um þetta, höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Eru dómkröfur hans þær,

1. að dæmt verði, að félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða hafi samkvæmt 12. gr. samningsins frá 24. marz aðeins forgangsrétt til vinnu hjá stefnanda í iðn skipasmiða og,

2. að framangreindar uppsagnir frá 28. og 30. marz s.l. verði metnar gildar.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Verða dómkröfur stefnanda nú athugaðar.

*Um 1.*

Stefnandi heldur því fram, að forgangsréttur samkvæmt 12. gr. greinds samnings geti aðeins átt við um skipasmíðar og sé honum því heimilt að hafa í þjónustu sinni smíði, er aðrar smíðar stundi, t. d. húsasmíði, þótt þeir séu ekki félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða. Skipasmíðar séu sérstök iðngrein og húsasmíðar önnur og geti stefnandi ekki, svo lögmætt sé, veitt skipasmiðum forgangsrétt til vinnu í annarri iðn. Umdeild 12. gr. beri og með sér, að hún eigi aðeins við um skipasmíðar, þar sem sveinar skuldbindi sig til þess, að vinna ekki hjá öðrum atvinnurekendum í skipasmíði í Reykjavík en þeim, sem viðurkenndir séu af Meistarafélagi skipasmiða í Reykjavík.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að forgangsréttur samkvæmt 12. gr. oftnefnds samnings nái til allrar smíðavinnu, sem stefnandi láti framkvæma, enda hafi það verið viðtekin regla undanfarin ár, að stefnandi hafi sótt um undanþágu til sín, ef hann hafði að smíðum menn, sem ekki voru félagsmenn í Sveinafélagi skipasmiða.

Stefnandi hefur viðurkennt, að sótt hafi verið um undanþágu vegna annarra smíða, en það hafi aðeins verið til þess, að hann gæti látið þá stunda skipasmíði, ef svo mikil verk efni væru fyrir hendi, að sveinar í skipasmíði gætu ekki annað þeim.

Samkvæmt iðnlöggjöfinni eru skipasmíðar sérstök iðn, svo er og um húsasmíðar. Tilgangur Sveinafélags skipasmiða er samkvæmt 2. gr. samþykkt þess, að efla samheldni skipasmiða og framfarir í þeirri iðn og gera sér far um, að vinnulaun og vinnutími svari kröfum tímans. Í 7. gr. samþykkt þess segir, að inngöngu í félagið fái aðeins þeir, sem hafa sveinsbréf eða iðnbréf í þessari iðn, og ekki séu í öðru iðnfélagi. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af orðalagi 12. gr. samnings þess, er um er deilt, verður að telja, að nefndur forgangsréttur nái aðeins til þeirrar vinnu, sem fellur undir iðn skipasmiða. Ber samkvæmt þessu að taka þenna lið dómkrafna stefnanda til greina.

*Um 2.*

Þegar framangreindar uppsagnir af stefnanda hálfu fóru

fram 28. og 30. marz s.l. unnu hjá honum 4 smiðir, sem ekki voru skipasmiðir að iðn. Upp er komið í málinu, að tveir þessara smiða, Aðalsteinn Maack og Atli Jensson, unnu eingöngu að smíði hurða í hús, eða að smíði, sem ekki telst skipasmíði. Samkvæmt því, sem að framan er greint, var stefnanda víta-laust að hafa þessa menn áfram í þessari vinnu, þó að hann segði upp skipasmiðum. Hins vegar er það upp komið, að hinir tveir, Ásgeir Guðbjartsson beykir og Jeppi Svendsen modelsmiður, unnu að skipasmiðum hjá stefnanda allt til 29. og 30. apríl s.l., eða um það bil í hálfan mánuð eftir að skipasmiðir þeir, er upp var sagt, hættu vinnu. Stefndi hefur haldið því fram, að samkvæmt 12. gr. sammingsins frá 24. marz 1947 sé stefnanda óheimilt að segja skipasmið upp, meðan aðrir smiðir séu við smíðavinnu þá, er samningurinn nái til. Á þetta verður að vísu ekki fallizt, heldur ræður hitt úrslitum, hvort aðrir en skipasmiðir vinna forgangsréttarvinnu eftir að uppsögn hefur komið til framkvæmda. En með því að þeir Ásgeir og Svendsen unnu að skipasmiðum svo sem greint var, eftir að skipasmiðir þeir, er upp var sagt, fóru úr þjónustu stefnanda, var uppsögn hans að því leyti andstæð forgangsréttarákvæðum oftnefndrar 12. gr. sammingsins frá 1947, og verður þessi liður dómkrafna hans því ekki tekinn til greina.

Rétt þykir samkvæmt þessari niðurstöðu að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Forgangsréttur félagsmanna í Sveinafélagi skipasmiða í Reykjavík til vinnu hjá Slippfélaginu í Reykjavík h/f samkvæmt 12. gr. í framanrituðum samningi frá 24. marz 1947, nær aðeins til vinnu í iðn skipasmiða.

Að öðru leyti skal stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Slippfélagsins í Reykjavík h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.